Lausn á skuldavanda sjávarútvegsins

Innbyrðis samkeppnisstaða raskist ekki

Örn Pálsson

Frá því að hrunið varð hefur Landssamband smábátaeigenda (LS) haft afskipti af tugum smábátaeigenda sem horfðu á skuldir fyrirtækja sinna vaxa þeim yfir höfuð á örskotsstundu í október 2008. Stjórnvöld gripu fljótt til þeirra ráða að bjóða þeim sem þess óskuðu frystingu lána sem voru á forræði yfirteknu bankanna og beina tilmælum til sparisjóða að gera slíkt hið sama. Aðgerðin gekk eftir - þeir sem ekki voru komnir í vandræði fyrir efnahagshrunið gátu staðið við þær skuldbindingar að greiða vexti af lánunum.

Kortlagning vandans

LS ákvað í byrjun apríl að fara af stað með verkefni meðal smábátaeigenda sem hafði það markmið að kortleggja stöðu þeirra. Hversu háar skuldir voru, á hvaða kjörum lánin voru og freista í kjölfar þessara upplýsinga að koma með tillögur til úrlausnar. Vegna ónægrar þátttöku reyndist ekki unnt að meta með nægilegri nákvæmni hve mikill vandinn væri, en verkefnið gaf fjölmargar mikilvægar upplýsingar sem unnið hefur verið úr.

Algjör forsendubrestur

Mestur er vandinn hjá þeim sem eru með erlend lán, sem í langflestum tilvikum voru tekin til að fjármagna kaup á veiðiheimildum. Algengast er að lánin séu í yenum og frönkum, sem hafa hækkað allra mynta mest á tímabilinu 1. mars 2008 til dagsins í dag. Yenið um 125% og frankinn um 94%. Svo gripið sé til geimvísindanna þá þarf ekki kippu af slíkum snillingum til að sjá að hér hefur orðið algjör forsendubrestur sem kallar á skilyrðislausa leiðréttingu höfuðstóls. Hvers vegna það er ekki gert er mér hulin ráðgáta, ekki síst þegar ljóst er að nýju bankarnir keyptu lánasöfnin af gömlu bönkunum með miklum afslætti.

Bankarnir bjóða biðleiki

Í ágúst fór að bera á óþreyju smábátaeigenda um aðgerðir til lausnar vandanum. Fram til þess tíma gengu frystingar að mestu snurðulaust fyrir sig, en þá fóru bankarnir að þreifa fyrir sér um aðrar leiðir. Allar áttu þessar leiðir það sameiginlegt að vera biðleikir. Afslættir voru boðnir ef aðilar samþykktu að breyta erlendum lánum yfir í íslensk. Krafa var um hækkun á vaxtaálagi erlendu myntanna. Reynt varýta mönnum til undirskriftar þar sem lánastofnun var heimilað að breyta úr yenum og frönkum í evrur. Hér er aðeins um nokkur atriði sem komu upp í sumar og nú í haust.

Fundað með bönkunum

Í kjölfar aðalfundar LS í október var ákveðið að funda með bönkunum í því skyni að fá upplýsingar um hvað þeir hygðust fyrir varðandi lausnir. Skemmst er frá því að segja að allir hafa þeir unnið að því að undirbúa aðgerðir sem miða að því að leysa vandann með sértækum lausnum. Á fundunum hefur komið fram að enn er nokkur tími í að úrræði bankanna verði kynnt.

Á öllum fundunum kynnti LS sínar hugmyndir að lausn. Hún byggist á almennum aðgerðum þar sem LS telur að ekki sé unnt að leysa skuldavandann með sértækum aðgerðum án þess að staða manna innbyrðis raskist verulega frá því sem var fyrir hrun. Það telur LS að megi ekki gerast, leiðrétting verður að vera almenn aðgerð og ná til allra þeirra sem sáu lán sín margfaldast við hrunið.

Tillaga LS

Tillaga LS er eftirfarandi**:**

Greiðslubyrði lána miðist við höfuðstól 1. mars 2008. Gengismunur sem fallið hefur á lánið frá 1. mars 2008 flyst yfir í jöfnunarlán í krónum með 15 ára lánstíma, vaxtalaust og án verðtryggingar. Fyrsti gjalddagi þess láns verði 6 mánuðum eftir að lánstíma frumláns lýkur.

LS leggur mikla áherslu á að skuldamál smábátaeigenda verði leyst í sátt við félagið og leiðin sem valin verður raski sem minnst því innbyrðist umhverfi sem var áður en bankar hófu skothríð á krónuna. Tillaga LS er þaulhugsuð og byggð á sanngirni þar sem báðir aðilar taka á sig byrðar hrunsins. Fallist er á óskir lánastofnana um að erlend lán verði færð yfir í krónur, auk þess sem þær hafa mikinn haga af því að höfuðstóll lána verði óbreyttur frá því hann er í dag.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.